

## Stjórn foreldrafélags Klappa – 1. fundur á haustönn 2023

Fimmtudagurinn 7. september 2023, klukkan 16:00

Mættar voru: Áslaug, Anna Guðrún, Sandra og Tinna

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Aðeins farið yfir verkefni síðasta vetrar. Vorum allar nokkuð ánægðar með afraksturinn og við komum nokkurn veginn út á sléttu fjárhagslega sem var einmitt markmiðið (tæpar 20.000 krónur í afgang?).
2. **Aðalfundur.**
  - Þarf að auglýsa (og þá um leið eftir nýju fólki í stjórn) og svo undirbúa.
  - Ákváðum að hafa hann fimmtudaginn 5. október klukkan 17:00. Tinna græjar auglýsingu (kemur á eftir).
  - Töluðum um að hækka árgjaldið í 3.000 kr. á barn (úr 2.500 kr.) til að mæta ýmsum hækkunum í samfélaginu. Það þarf að auglýsa á aðalfundi. Ég man ekki alveg töluna fyrir systkini – getur einhver rifjað það upp?
  - Þurfum svo þegar nær dregur að fara aðeins yfir efni fundarins.
3. Hugmyndir að verkefnum fyrir komandi vetur:
  - Kaupa **taupoka** fyrir hvert barn til að flytja óhreini föt heim. Tinna ætlar að skoða það mál aðeins betur. Krakkarnir munu svo mála á pokana.
  - Kaupa þær **möppur** sem upp á vantar. Sandra ætlar að græja.
  - Kaupa **bangsann Blæ** fyrir yngstu börnin sem mun þá fylgja þeim út leikskólagönguna (10 stk. á 7.000 kr.)
  - Fastur kostnaður á næstu árum f. ný börn sem koma inn í leikskólann:
    - Taupokar
    - Möppur (mögulega minni þörf eftir því sem tækninni fleygir fram en vorum þó sammála um að það gæti verið skemmtilegt að halda í möppurnar)
    - Bangsinn Blær
  - Athuga með mögulega **leiksýningu**. Sandra nefndi sýningu hjá MAK sem væri gaman að skoða betur. Ekki nógu mikil ánægja með leikhópin Lottu síðast.
  - Mikil ánægja með **íþróttatímamann í Síðuskóla** síðast. Væri gaman að gera það aftur.
  - Þar sem ekki þörf á að kaupa danskennslu þetta árið (þar sem Eva danskennari starfar nú þegar á Klöppum) höfum við fjárhagslegt rými til að prófa eitthvað nýtt. Höfum augun opin fyrir einhverju skemmtilegu.